

Ed.

682. Nefndarálit

[257. mál]

um frv. til jarðalaga.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta að jarðalögum hefur það að markmiði meðal annars að torvelda að góðar bújarðir og vel í sveit settar — kannske með eftirsóttum hlunnindum — lendi í tröllahöndum brasks, svo að not jarðanna til búskapar kunni að misfarast sem og valda bændastéttinni og viðkomandi sveitarfélagi ýmsum vandkvæðum. Undirritaður er samþykkur þessu markmiði og því úrræði, að viðkomandi sveitarfélög hafi yfirleitt forkaupsrétt að jörðum innan marka sinna, að frágengnum ábúanda, ef fyrir hendi er.

Annað markmið frumvarpsins virðist að festa í sessi eignar- og umráðarétt sjálfseignarbænda og sveitahreppa yfir öllu landi, bæði þinglýstum jarðeignum sem og afréttum og óbyggðum öllum, lóðum og lendum utan skipulagðra þéttbýlisstaða, gögnum lands og gæðum, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Undirritaður telur, að jafnafráttarlaust yfirráða- og valdsvið fyrirhugaðra jarðanefnda, sem frumvarpið leggur til að verði, og skipaðra með þeim hætti, sem frumvarpið ætlast til, hljóti að leiða til árekstra með íbúum sveitahreppa og íbúum þéttbýlisstaða, þar eð skipan jarðanefndanna virðist miðuð við hagsmuni sjálfseignarbænda og sveitahreppa einvörðungu.

Hætt er við, að líkir árekstrar kunni að skapast varðandi úthlutun og ákvörðun útilifssvæða og sumarbústaðalóða, einnig ráðstöfunarstjórn á fasteignum, sem eitt sveitarfélag á í öðru, t. d. Reykjavíkurborg í Grafningshreppi (Nesjavellir) eða Hafnarfjarðarbær í Grindavíkurborg (Krýsuvík), svo að dæmi séu nefnd. Enn er að geta slíkra tilfella, þegar íbúar þéttbýlisstaða telja sig þurfa að kaupa jörð, jarðir eða jarðahluta í öðru sveitarfélagi sér til landrýmis. Þarf hér að koma sveigjanlegri sjónarmiðum að með skipan jarðanefnda, en ætla verður að skipan samkvæmt frumvarpinu bjóði upp á, og er tillöguflutningur í sambandi við þetta nefndarálit m. a. við þetta miðaður (breyt. á 4. gr. og 6. gr.).

Undirrituðum þykir varhugavert að færa söluákvörðun ríkisjarða úr hendi Alþingis til ráðherra og leggst gegn því, um leið og hann lýsir þeirri skoðun sinni, að Alþingi beri að vera mjög aðgætið um sölu ríkisjarða.

Loks lýsir undirritaður þeirri skoðun sinni, að ekki eigi að lögleyfa óðalsjarðir hér á landi, enda innflutt lenska, og fella beri lög um óðalsjarðir úr gildi.

Eins og af nefndarálitum meiri og minni hluta landbúnaðarnefndar um frumvarp til jarðalaga er ljóst, náðist ekki samkomulag um afgreiðslu þess úr nefnd.

Flytur undirritaður nokkrar breytingartill. við frumvarpið á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 7. maí 1976.

Bragi Sigurjónsson.